

**Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi**

Austurvegi 56

800 Selfossi

Tilkynning um breytingar

Yðar tilvísun: 2026060005

Vegagerðin tilkynnir hér með um fyrirhugaðar breytingar á þjónustu landsbyggðarvagna. Eru þær tilkomnar svo kostnaður vegna reksturs málaflokksins sé innan ramma á fjárhagsliðnum „Styrkir til almenningssamgangna“ í fjármálaáætlun árin 2026-2031 sem Alþingi samþykkti þann 26. mars sl. Áætlað er að breytingarnar taki gildi haustið 2026. Alls verða breytingar gerðar á 5 af 25 leiðum í leiðakerfi landsbyggðastrætó um land allt.

Síða 1/1

Vegagerðin hefur áréttað til stjórnvalda að breytingarnar muni hafa áhrif á kerfi almenningssamgangna á landsvísu.

Eftirfarandi breytingar verða í leiðakerfi landsbyggðarvagn á Suðurlandi:

Leið 51 (Selfoss – Reykjavík)

Fækkun um tvær ferðir í hvora átt á virkum dögum utan álagstíma eða 14 ferðir á dag á virkum dögum í stað 16 ferðir.

Leið 71 (Þorlákshöfn – Hveragerði)

Fækkun um eina ferð í hvora átt á virkum dögum utan álagstíma eða 4 ferðir á dag á virkum dögum í stað 5 ferðir.

Leið 72 og 73 (Selfoss – Reykholt)

Rekstri annarrar akstursleiðar verður hætt.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
Bergþóra Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri